

Námsáætlun í myndmennt fyrir 1.-4. bekk haust 2016

Tímabil: Ágúst – desember; 1.-4. bekkur, þriðju hverja viku

Kennari: Sigríður Guðmundsdóttir

Markmið

Markmið eru unnin samkv. Aðalnámskrá grunnskóla

- geta nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- geta sett fram á sjónrænan hátt eigin upplifun eða ímyndun.
- geta á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki.
- geta unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt í gegnum teiknun, málun, mótun, klippimyndir og þrykk.
- hafa tamið sér vönduð vinnubrögð.
- geta gengið frá myndum sínum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með.
- þekkja verk valinna listamanna og geta rætt um þau.
- gera sér grein fyrir að myndlistin á sér sögu og að straumar og stefnur breytast í tímans rás.
- geta á einfaldan hátt lagt mat á eigin verk og annarra.

Inntak

- læra um;
 - fjölbreytileika línunnar.
 - fjölbreytilega áferð.
 - nálægð og fjarlægð, forgrunn og bakgrunn.
 - heita og kalda liti.
 - frumlitina, einfaldar litablöndur og litatóna.

Námsefni

Myndmennt I og II

Ýmis konar fræðsla, verkefni og hugmyndir af netinu (t.d. www.pinterest.com , www.allfreekidscrafts.com/ , www1.nams.is/myndmennt/).

Big book of things to draw.

Heimatilbúið efni.

Bækur um ýmsa listamenn sem skólinn á.

Kennsluaðferðir og skipulag

Innlagnir frá kennara, umræður, hópavinna/paravinna, tölvuvinna, og einstaklingsvinna.

Unnið samkvæmt áætlun frá kennara.

Námsmat

Símat (horft á vinnuferlið og útkomuna).

Sjálfsmat.

Í mati annarinnar er tekið tillit til framfara, frumkvæðis , virkni, áhuga og vinnulags. Einnig er verkefni nemandans metin.

Tímabil	Tímar	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
31/8 7/9	2	Pinterest.com	Safna efnivið úr náttúrunni í listaverk, t.d. steina, greinar, könglar og lauf.	Innlögn Samvinna
14/9 21/9	2	Pinterest.com	Vinna listaverk úr efniviðnum. T.d. hjarta úr steinum á platta, steinafætur, laufblaðasprey,	Innlögn Einstaklingsvinna
28/9 5/10	2	Pinterest.com	Vinna listaverk úr efniviðnum. T.d. hjarta úr steinum á platta, steinafætur, laufblaðasprey.	Innlögn Einstaklingsvinna
5/10 12/10 19/10	2	Myndmenntavefurinn allfreekidscrafts.com	Frumlitirnir og litablöndur Málað með raksápu, tússað á bréfpurrku, 6 litahringurinn þar sem nemendur mála hluti í einhverjum af þessum 6 litum.	Stöðvavinna
26/10 2/11 9/11	2	Myndmenntavefurinn	Kaldir/heitir litir Nálægð/fjarlægð Tvær myndir eru teiknaðar með samskonar landslagi á tvö blöð. Línur eru teiknaðar til að aðgreina skilin á milli forgrunns, miðrymis og bakgrunns. Önnur myndin er máluð með heitum litum og hin með köldum litum. Þekjultir	Einstaklingsvinna
16/11 23/11 30/11	2	Myndmenntavefurinn	Fjölbreytileg áferð Gera litla bók um áferð þar sem nemendur leggja blað yfir mismunandi hluti með mismunandi áferð og nudda með lit eða blýi.	Einstaklingsvinna
7/12 14/12	2	Ýmislegt	Jólatími	Stöðvavinna